

Fimmtudaginn 24. október 1985.

Nr. 1/1983.

**John Michael Doak**

(Valgeir Kristinsson hdl.)

gegn

**Ragnari Guðlaugssyni**

(Brynjólfur Kjartansson hrl.)

Vinnuslys. Skaðabótamál. Örorkubætur. Sératkvæði í héraði.

### **Dómur Hæstaréttar.**

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Torfason, Björn Sveinbjörnsson og Halldór Þorbjörnsson og Arnljótur Björnsson prófessor og Þorsteinn Thorarensen borgarfégeti.

Áfrýjandi hefur skotið málinu til Hæstaréttar með stefndu 3. janúar 1983, að fengnu áfrýjunarleyfi samkvæmt 2. mgr. 20. gr. laga nr. 75/1973 hinn 17. desember 1982. Hann krefst þess, að stefndi verði dæmdur til að greiða sér 1.654.200,00 krónur með 19% ársvöxtum frá 9. ágúst 1978 til 31. maí 1979, með 22% ársvöxtum frá 1. júní s.á. til 31. ágúst s.á., með 27% ársvöxtum frá 1. september s.á. til 30. nóvember s.á., með 31% ársvöxtum frá 1. desember s.á. til 31. maí 1980, með 35% ársvöxtum frá 1. júní s.á. til 31. maí 1981, með 34% ársvöxtum frá 1. júní s.á. til 31. október 1982, með 42% ársvöxtum frá 1. nóvember s.á til 20. september 1983, með 35% ársvöxtum frá 21. september s.á, til 20. október s.á., með 32% ársvöxtum frá 21. október s.á. til 20. nóvember s.á., með 27% ársvöxtum frá 21. nóvember s.á. til 20. desember s.á., með 21,5% ársvöxtum frá 21. desember s.á. til 20. janúar 1984, með 15% ársvöxtum frá 21. janúar s.á. til 12. ágúst s.á., með 17% ársvöxtum frá 13. ágúst s.á. til 31. desember s.á., með 24% ársvöxtum frá 1. janúar 1985 til 10. maí s.á. og með 22% ársvöxtum frá 11. maí s.á. til 23. september s.á., en með dómvöxtum frá þeim degi til greiðsludags, allt að frádregnum 35.225,00 krónum. Hann krefst og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti, eins og málið væri ekki gjafsóknarmál, en áfrýjandi fékk gjafsóknarleyfi fyrir Hæstarétti 5. október 1982.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Áfrýjandi hefur stefnt Samvinnutryggingum g.t. fyrir Hæstarétt til réttargæslu, en engar kröfur gert á hendur þeim. Af þeirra hálfu hefur ekki verið sótt þing og engar kröfur gerðar.

Áfrýjandi varð lögráða 26. september 1982. Fer hann því sjálfur með mál sitt fyrir Hæstarétti.

Fyrir Hæstarétt hafa verið lögð nokkur ný gögn.

## I.

Svo sem greinir í hinum áfrýjaða dómi, var drifskafði milli mykjusnigilsins og dráttarvélar þeirrar, sem knúði hann, allt varið með plasthlíf. Var ekki annað óvarið af tengibúnaðinum milli snigilsins og dráttarvélarinnar en um það bil 5—7 cm bil af hinum stutta snúningsás, sem gekk frá vinkildrifinu á sniglinum að enda drifskaftsins frá dráttarvélinni. Voru því ekki miklar líkur á, að slys hlytist af búnaði þessum, eins og dráttarvélin stóð við fjósvegginn, jafnvel þótt litið væri inn um opið á haughúsveggnum, enda var þá eðlilegast að sá, sem það gerði, stæði hinum megin við snigilinn, en beygði sig ekki yfir drifbúnaðinn, eins og áfrýjandi virðist hafa gert. Er ekki komið fram, að stefndi hafi sérstaklega vakið athygli áfrýjanda á því, að nokkur hætta gat stafað af hinum óvarða hluta snúningsássins, ef óvarlega var að farið, eða brýnt sérstaklega fyrir honum að gæta þess vandlega að forðast að koma nálægt ásnum. Voru sérstök efni til að ganga ríkt eftir þessu við áfrýjanda vegna ungs aldurs hans, sem ætla mátti, að leitt gæti til hvatvíslegra aðferða við það starf, sem honum var falið. Þykir stefndi eiga að bera skaðabótaábyrgð á tjóni áfrýjanda vegna þessarar vangæslu sinnar.

Áfrýjandi var tæpra 14 ára, þegar slysið varð. Hann hafði vanist meðferð dráttarvéla, það sem af var sumri, við störf sín hjá stefnda. Við það verður að miða, að hann hafi fengið fullnægjandi almenna tilsögn hjá stefnda um dráttarvélaakstur og að stefndi hafi brýnt fyrir honum að gæta varkárni, er hann færi með vélar. Hann mátti gera sér grein fyrir, að ónauðsynlegt var og óvarlegt að standa svo við mykjusnigilinn sem hann gerði, er hann leit inn um opið á haughúsveggnum. Á hann því einnig verulega sök á tjóni sínu. Þykir hæfilegt, að hann beri  $\frac{2}{3}$  hluta tjóns síns, en stefndi bæti honum það að  $\frac{1}{3}$  hluta.

## II.

Áfrýjandi sundurliðar kröfur sínar fyrir Hæstarétti þannig:

1. Tjón vegna varanlegrar og tímabundinnar örorku .....	1.934.500,00 kr.
÷ verðmæti örorkulífeyris frá Trygginga- stofnun ríkisins .....	<u>380.300,00 kr.</u>
	1.554.200,00 kr.
2. Miskabætur .....	<u>100.000,00 kr.</u>
Samtals	1.654.200,00 kr.

Frá þessari fjárhæð viðurkennir áfrýjandi að draga beri váttryggingarbætur að fjárhæð 3.000.000 gkr. að viðbættum vöxtum af þeirri fjárhæð, 522.500 gkr., er samtals svari til 35.225,00 nýkr., en fjárhæð þessa greiddu Samvinnutryggingar g.t. áfrýjanda 10. janúar 1980 vegna frjálstrar ábyrgðartryggingar stefnda hjá þeim.

*Um 1. kröfulið.*

Ekkert hefur komið fram í málinu um tekjuöflun áfrýjanda, frá því að slysið bar að höndum, annað en upplýsingar í málflutningi þess efnis, að hann hefði unnið verkamannavinnu á sumrin hjá Hafnarfjarðarbæ. Hefði þó verið tekið sérstakt tillit til annmarka hans vegna slyssins við þá vinnu. Á vetrum hefði hann stundað skólanám allt til þessa, en með lélegum árangri. Reisir áfrýjandi kröfur sínar um bætur samkvæmt þessum kröfulið gagnert á örorkumati Björns Önundarsonar tryggingayfirlæknis, dags. 26. nóvember 1979, og áætlun Jóns Erlings Þorlákssonar tryggingafræðings, dags. 23. september 1985, um líklegt vinnutekjutap áfrýjanda, en þar er miðað við, að vinnutekjutapið hafi verið og verði á hverjum tíma í réttu hlutfalli við örorkuna samkvæmt matinu. Segir svo í áætlun þessari:

„Björn Önundarson læknir hefur í örorkumati dags. 26. nóvember 1979 metið örorku af völdum slyssins þannig:

Frá slysdegi í 13/½ mánuð .....	100%
Eftir það varanlega .....	75%

Hér er um að ræða ungan pilt og áætla ég tekjur hans framvegis þannig: Á 15. og 16. aldursári miða ég við 15 vikna vinnu hvort ár á unglingatöxtum Dagsbrúnar. Á 22. aldursári geng ég út frá

52 vikna vinnu með 40 dagvinnustundum án orlofs og 467 ½ eftirvinnustund (10 stundir á viku í 46 ¾ vikur) með 10,17% orlofi á taxa Dagsbrúnar fyrir byggingavinnu. Á 21. aldursári reikna ég með 95% framangreindra tekna og lækkandi um 5% á ári niður í 75% á 17. aldursári. Frá og með 26. aldursári miða ég við meðaltekjur kvæntra verkamanna, iðnaðarmanna og sjómanna samkvæmt úrtaksathugunum Þjóðhagsstofnunarinnar, umreiknuðum vegna kaupbreytinga. Hækkun tekna frá 22. til 26. aldursárs skipti ég jafnt á árin þar á milli.“

Á þessum forsendum gerir tryggingafræðingurinn ráð fyrir, að árlegar tekjur áfrýjanda mundu hafa numið 489.500,00 krónum frá og með 26. aldursári hans, ef hann hefði ekki orðið fyrir slysinu, og árlegt tekjutap 367.100,00 krónur, en milli 15. og 25. aldursárs hefðu líklegar árstekjur og árlegt tekjutap numið lægri en misháum fjárhæðum. Samkvæmt þessu áætla tryggingafræðingurinn höfuðstólsfjárhæð vinnutekjutaps áfrýjanda á slysdegi 4.100,00 krónur vegna tímabundinnar örorku en 1.930.400,00 krónur vegna varanlegrar örorku, eða alls 1.934.500 krónur.

Síðan segir í áætluninni:

„Við útreikning höfuðstólsverðmætis eru fram að útreikningsdegi 23. september 1985 notaðir vextir (einfaldir) af almennum spari-sjóðsbókum ... Eftir útreikningsdag eru notaðir 6% vextir og vaxtavextir. Dánarlíkur fara eftir reynslu áranna 1976 til 1980 og líkur fyrir missi starfsorku í lifanda lífi eftir sænskri reynslu. Ekki er tekið tillit til skatta.

John mun hafa fengið örorkulífeyri og tekjutryggingu frá Tryggingastofnun ríkisins frá og með októbermánuði 1980. Örorkulífeyrir er nú 5.354 kr. á mánuði og tekjutrygging 7.844 kr. Sé miðað við að þær bætur greiðist til 67 ára aldurs reiknast mér höfuðstólsverðmæti þeirra á slysdegi:

Örorkulífeyrir .....	kr. 380.300
Tekjutrygging .....	— 554.700“

Þegar litið er til framangreindrar áætlunar um líklegan tekjumissi áfrýjanda að frádregnu verðmæti örorkulífeyris, sem hann nýtur og mun njóta frá Tryggingastofnun ríkisins, tekið nokkurt tillit til tekjutryggingar, sem hann nýtur frá þeirri stofnun, og gætt annarra

atriða, sem hér skipta máli, þar á meðal þeirrar sakarskiptingar, sem greind var, svo og þess, að hverju marki áfrýjandi fékk bætt tjón sitt þegar hinn 10. janúar 1980 með greiðslu þeirri, er Samvinnutryggingar g.t. inntu af hendi til hans vegna stefndu, verða kröfur hans samkvæmt þessum kröfulið teknar til greina með 250.000,00 krónum.

*Um 2. kröfulið.*

Samkvæmt vottorði Knúts Björnssonar læknis, sem lagt hefur verið fyrir Hæstarétt, hefur áfrýjandi verið lagður alls 8 sinnum inn á Landspítala og legið þar í um það bil 160 daga alls vegna slyss þess, sem í málinu greinir. Hann ber mjög áberandi ör í andliti eftir slysið. Slysið hefur valdið honum mikilli röskun á stöðu og högum. Þykir tjón áfrýjanda samkvæmt þessum lið eigi of hátt áætlað í kröfugerð hans. Ber stefnda því að bæta honum  $\frac{1}{3}$  þeirra fjárhæðar, eða 33.333,00 krónur.

Samkvæmt framansögðu verður stefndi dæmdur til að greiða áfrýjanda 283.333,00 krónur (250.000,00 + 33.333,00 krónur) með vöxtum, svo sem krafist er að öðru leyti en því, að samkvæmt kröfugerð áfrýjanda í greinargerð fyrir Hæstarétti, dags 27. október 1983, verða vextir frá 1. nóvember 1982 til 20 september 1983 eigi dæmdir hærri en 35% ársvextir, og krafa um dómvexti verður ekki tekin til greina, þar sem hún var ekki gerð í stefnu, sbr. 1. gr. laga nr. 56/1979. Þá ber og að dæma stefnda til að greiða áfrýjanda 30.000,00 krónur í málskostnað í héraði svo og málskostnað fyrir Hæstarétti, sem ákveðst 50.000,00 krónur og renna skal í ríkissjóð.

Allur gjafsóknarkostnaður áfrýjanda fyrir Hæstarétti greiðist úr ríkissjóði, þar með talin laun skipaðs talsmanns hans, 45.000,00 krónur.

**D ó m s o r ð:**

Stefndi, Ragnar Guðlaugsson, greiði áfrýjanda, John Michael Doak, 283.333,00 krónur með 19% ársvöxtum frá 9. ágúst 1978 til 31. maí 1979, með 22% ársvöxtum frá 1. júní s.á. til 31. ágúst s.á., með 27% ársvöxtum frá 1. september s.á. til 30. nóvember s.á., með 31% ársvöxtum frá 1. desember

s.á til 31. maí 1980, með 35% ársvöxtum frá 1. júní s.á. til 31. maí 1981, með 34% ársvöxtum frá 1. júní s.á. til 31. október 1982, með 35% ársvöxtum frá 1. nóvember s.á. til 20. október 1983, með 32% ársvöxtum frá 21. október s.á. til 20. nóvember s.á., með 27% ársvöxtum frá 21. nóvember s.á. til 20. desember s.á., með 21,5% ársvöxtum frá 21. desember s.á. til 20. janúar 1984, með 15% ársvöxtum frá 21. janúar s.á. til 12. ágúst s.á., með 17% ársvöxtum frá 13. ágúst s.á. til 31. desember s.á., með 24% ársvöxtum frá 1. janúar 1985 til 10. maí s.á., og með 22% ársvöxtum frá 11. maí s.á. til greiðsludags svo og 30.000,00 krónur í málskostnað í héraði.

Stefndi greiði 50.000,00 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti og renni hann í ríkissjóð.

Allur gjafsóknarkostnaður áfrýjanda fyrir Hæstarétti greiðist úr ríkissjóði, þar með talin laun skipaðs talsmanns hans, Valgeirs Kristinssonar héraðsdómslögmanns, 45.000,00 krónur.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

### **Dómur bæjarþings Reykjavíkur 28. júní 1982.**

Mál þetta, sem tekið var til dóms 25. þ.m., er höfðað með stefnu, útgefinni 24. júní 1981, og var þingfest 30. s.m.

Stefnandi er Pétur Guðmundsson, Breiðvangi 56, Hafnarfirði, fyrir hönd ólöggráða fóstursonar síns, John Michael Doak, einnig til heimilis að Breiðvangi 56 í Hafnarfirði.

Stefndi er Ragnar Guðlaugsson, Guðnastöðum í Austur-Landeyjum. Samvinnutryggingum g.t. hefur verið stefnt til réttargæslu í málinu. Dómkröfur stefnanda:

Að stefndi verði dæmdur til að greiða kr. 1.767.568,00 með 19% ársvöxtum frá 9. ágúst 1978 til 1. júní 1979, með 22% ársvöxtum frá þeim degi til 1. september s.á., með 27% ársvöxtum frá þeim degi til 1. desember s.á., með 31% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní 1980, með 35% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags auk málskostnaðar samkvæmt gjaldskrá Lögmannafélags Íslands, allt að frádregnum kr. 35.225,00.

Stefndi krefst aðallega sýknu af kröfum stefnanda og málskostnaðar úr

hendi hans, en til vara, að fjárhæð dómkröfu stefnanda verði lækkuð og verði málskostnaður látinn falla niður.

Á hendur réttargæslustefnda eru ekki gerðar neinar kröfur, og ekki gerir hann kröfur í málinu.

Helstu málsatvik eru þau, að stefnandanum John Michael Doak hafði verið komið til sumarstarfa hjá stefnda, Ragnari Guðlaugssyni, á Guðnastöðum sumarið 1978. Var hann þá 13 ára gamall. Hinn 9. ágúst var unnið við að dreifa mykju á túnið. Var mykjunni dælt með mykjusnigli úr haughúsinu undir fjósinu, og var hann knúinn af kyrrstæðri dráttarvél. Snigillinn dældi mykjunni í mykjudreifara, og var önnur dráttarvél notuð til að draga hann. Átti John að aka þeirri dráttarvél með dreifaranum aftan í út á túnið og dreifa þar mykjunni, aka síðan dreifaranum undir mykjusnigilinn aftur, setja í gang dráttarvélinu sem knúði hann. Er John beið eftir því, að mykjudreifarinn fylltist, mun fatnaður hans með einhverjum hætti hafa lent í ás frá girrkassa mykjusnigilsins, þar sem drifskaflið frá dráttarvélinni var fest við. Við þetta mun fatnaður John hafa undist upp á ásin, og hefur John kastast til og slegist við tækið. Varð hann fyrir alvarlegum meiðslum á höfði.

Læknir og lögreglumenn frá Hvolsvelli voru kvaddir til, og komu þeir fljótlega á vettvang.

Samkvæmt skýrslu Sveins Ísleifssonar, varðstjóra á Hvolsvelli, var John meðvitundarlaus og mikið slasaður á höfði og viðar á líkamanum. Var ekið með hann í skyndi í slyshadeild Borgarspítalans í Reykjavík. Síðar um daginn fór Sveinn á vettvang á ný og kannaði umbúnað tækja þarna. Kemur fram í skýrslu hans, að hlífar hafi verið á drifsköftum við mykjusnigilinn og dreifarann, en vegna búnaðar við snigilinn hafi ekki verið unnt að hafa hlíf utan um hjörulidinn við hann.

Samkvæmt vottorði Knúts Björnssonar læknis hlaut John mikil meiðsli á höfði, skurð í andliti, brot á höfuðkúpubotni, brot á gagnaugabeini hægra megin og síðar ígerð í höfði.

Fram hefur komið umsögn Páls Magnússonar sálfræðings, dags. 5. nóvember 1979, um rannsókn sína á John, og segir þar svo: „John kom hér fyrst til athugunar í mars '79. Hann var þá að hefja nám í Vídistaðaskóla eftir langa sjúkrahúsvist vegna slysfara. Greindarmæling með prófi Wechslers (WISC) gaf grv. 83. Þess ber þó að geta að dreifing prófþátta var verulega ójöfn, og ef ekki eru reiknaðir með þeir prófþættir sem heilaskaði drengsins hefur helst haft áhrif á virðist hér vera um að ræða meðalgreint barn. Þeir prófþættir sem slakastir voru eru þeir sem reyna á minnisfunksjónir, tímaskyn og hraða og nákvæma samhæfingu augna og handa. John kom til endurmats um miðjan október sl. Kom þá í ljós töluverð framför í fínhyfingum og tímaskyni, en minnisfunksjónir eru enn veru-

lega skertar. Við þetta tækifæri kom á daginn að John á við félagsleg og tilfinningaleg vandamál að stríða vegna skertrar andlegrar getu og andlitslýta. Hann hefur verið nokkuð erfiður á heimilinu og þarf mikla umönnun þar vegna minnisleysis. Félagslegri aðlögun út á við hefur einnig verið ábótavant. Af þessum sökum hefur John undanfarið verið í stuðningsmeðferð hér á sálfræðideildinni og ekki enn útséð um árangur þeirrar meðferðar.“

Björn Önundarson læknir skoðaði stefnandann John hinn 12. september 1979 og mat síðan örorku hans. Í matinu er getið sjúkrasögu stefnanda og álitsgerðar Páls Magnússonar sálfræðings, en niðurstaða matsins er svohljóðandi:

„Ályktun: Það er um að ræða rúmlega 15 ára gamlan pilt, sem h. 9.8.'78 slasaðist illa á höfði er hann lenti í snigli mykjudreifara. Slys þetta skeði að Guðnastöðum í Rangárvallasýslu. Slasaði var fljótlega eftir slys þetta fluttur í sjúkrahús, þar sem hann vistaðist frá 10.8.'78 til 2.1.'79.

Alveg óvinnufær er slasaði talinn hafa verið frá slysdegi 10.8.'78 til septemberloka. Eftir það er starfsgeta hans mikið skert varnalega.

Hér er greinilega um mikið andlega skertan pilt að ræða, sem auk þess ber mikil lýti í andliti. Aðgerðum er ekki enn full-lokið, en ekki eru miklar líkur til að breyting verði svo nokkru nemi á útliti piltsins. Verst er þó sú mikla gleymni og andlega skerðing sem áður er tilvitnað. Drengurinn er nú talinn vera með 83 greindarvísitölustig, samkvæmt Wechslers prófi, en hann er áberandi seinn til svars og að því er virðist mjög sljór. Hann virðist eiga ákaflega bágð með að einbeita sér og tekur langan tíma að fá svar, sem þó ævinlega er ekki í samræmi við það sem spurt er um. Eins og áður er fram komið er minnisleysi áberandi. Hann virðist vera heyrnarskertur á hægra eyra, en ekki liggja fyrir heyrnarmælingar. Dofi er yfir allri hægri kinn, en hann verður þó fyrir miklum óþægindum ef hann er úti í miklum kulda. Ekki er að efa að flest þessi einkenni munu verða til staðar í ókominni tíð, en rétt þykir þó að halda þeim möguleika opnum að síðar meir kynni að vera rétt að endurskoða þetta mat.

Þar sem ekki þykir nú líklegt að um frekari bata á afleiðingum áður-nefnds slyss verði hér eftir að ræða þykir nú eðlilegt að meta þá tíma-bundnu og varanlegu örorku, sem slasaði telst hafa hlotið og þykir hún hæfilega metin sem hér segir:

Frá slysdegi talið í 13 ½ mánuð.....	100%
Eftir það varanlega.....	75%“

Þórir Bergsson tryggingafræðingur hefur reiknað áætlað verðmæti tapaðra atvinnutekna stefnanda samkvæmt örorkumatinu. Í endanlegum útreikningi sínum gerir tryggingafræðingurinn ráð fyrir nokkurri sumar-

vinnu á 14., 15. og 16. aldursári. Vinnutekjur á 22. aldursári byggir tryggingafræðingurinn á launum í flokki 8A í launakerfi Verkamannafélagsins Dagsbrúnar með 8 eftirvinnustundum og 1 næturvinnustund á viku í 40 vikur á ári og 8 ½ orlofi á yfirvinnu. Á 21. aldursári notar tryggingafræðingurinn 95% þessara tekna og lækkar þær síðan um 5% fyrir hvert ár til 17. aldursárs. Frá 25 ára aldri notar tryggingafræðingurinn meðaltekjur kvæntra verkamanna, sjómanna og iðnaðarmanna samkvæmt úrtaksrannsókn Þjóðhagsstofnunar, umreiknað meðaltal áranna 1976 til 1980. Hefur tryggingafræðingurinn reiknað tjónið með nokkrum breytingum, reikningslegum forsendum, m.a. misháum vaxtafæti. Er síðasti útreikningur hans frá 25. maí sl., og er þar m.a. reiknað með 10,33% vísitölhækkunar launa.

Er krafa stefnanda byggð á útreikningi þessum, þar sem notaðir eru vextir og vaxtavextir og sömu vextir, 5%, alltaf allt aftur til slysdags. Er niðurstaða útreikningsins kr. 1.667.568,00. Niðurstöðutölur þessarar útreikningsaðferðar, þar sem reiknað er með 7% ársvöxtum, er kr. 1.116.030,00, þar sem reiknað er með 9% ársvöxtum er niðurstöðutalan 802.978,00 og þar sem reiknað er með 13% ársvöxtum, er hún kr. 460.191,00.

Í greinargerð með útreikningum sínum hefur tryggingafræðingurinn gert sérstaka grein fyrir því, hvaða áhrif hæð vaxta hefur á útreikninga sem þessa.

Auk framangreindrar fjárhæðar krefst stefnandi miskabóta að fjárhæð kr. 100.000,00.

Krafa stefnanda er byggð á því, að stefnandi John hafi verið starfsmaður stefnda á Guðnastöðum við landbúnaðarstörf, er umræddur atburður gerðist í ágúst 1978, en þá hafi John verið 13 ára gamall. Hafi honum verið falið að dæla mykju úr haughúsinu undir fjósinu í mykjudreifara, sem hann hafi svo átt að aka út á túnið og dreifa mykjunni. Sennilegasta skýringin á slysinu sé sú, að er haughúsið hafi verið að tæmast hafi farið að koma skrykkjótt upp úr því með mykjusniglinum. Muni John þá hafa ætlað að kíkja niður í haughúsið. Hafi ekki verið nema eðlilegt, að hann vildi fylgjast með, hvort nokkuð væri að. Muni John eða fatnaður hans þá hafa lent í ás frá aflúrtaki dráttarvélar þeirrar, sem knúði mykjusnigilinn, en hluti þess hafi verið án hlífar. Hafi John við þetta orðið fyrir miklum meiðslum, sem valdið hafi honum varanlegri líkamlegri og andlegri örorku.

Er því haldið fram, að verk þetta hafi John unnið tilsagnar- og eftirlitslaust. Brjótí það í bága við ákvæði 40. gr. reglugerðar nr. 105/1970 um vernd barna og ungmenna og ákvæði 41. gr. laga nr. 53/1966 um vernd barna og ungmenna. Slysið hafi ekki orðið við notkun ökutækis. Um starf þetta gildi því síðasta málsgrein reglugerðarákvæðisins, en samkvæmt því

hafi verið óheimilt að fela John þetta verk. Hafi verið óheimilt að láta hann stjórna dráttarvélinni, sem knúði mykjusnigilinn. Sé ósannað, að stefndi hafi fullnægt þeirri ríku leiðbeiningarskyldu, sem á honum hafi hvílt gagnvart drengnum. Einnig hafi eftirlit með starfi Johns verið ófullnægjandi, þar sem stefndi hafi sjálfur verið við mjaltir inni í fjósinu.

Því er einnig haldið fram, að tækjabúnaður, sem notaður var, hafi verið hættulegur. Engin úttekt hafi farið fram á búnaði mykjusnigilsins af hálfu yfirvalda, sem eftirlit hafi með búnaði vinnuvéla. Ef ekki hafi verið hægt að koma við hlíf um ás þann, sem var óvarinn, hljóti stefndi að verða að bera áhættu, sem því var samfara, og bera hlutlæga ábyrgð á tjóni, sem af því hlaut.

Er því haldið fram, að John hafi ekki á neinn hátt sýnt af sér óaðgæslu og verði honum ekki með neinum hætti gefin sök á slysinu.

Sýknukrafa stefnda er byggð á því, að það hafi verið fullkomlega forsvaranlegt að láta John vinna við mykjusnigilinn og kastdreifarann. Hafi starfið sem slíkt ekki verið hættulegt. Hafi umbúnaður mykjusnigilsins verið þannig, að ekki hafi átt að stafa nein hætta af honum, ef rétt var að farið. Hlífar hafi verið á drifsköftum mykjusnigilsins og kastdreifarans, en ekki hafi verið unnt að koma fyrir hlíf utan um hjöruliðinn við mykjusnigilinn. Hafi öryggisbúnaður verið eins og unnt var að koma við og frágangur því allur verið í lagi. Verði ábyrgð því ekki felld á stefnda af því, að búnaður tækjanna hafi verið ófullnægjandi.

Þá er því haldið fram, að ekki hafi verið óforsvaranlegt að láta nærri 14 ára gamlan ungling vinna við mykjusnigilinn með þeim búnaði, sem að framan er lýst. Hafi John verð alvanur sveitastörfum og sé alvanalegt til sveita að láta unglunga vinna við tæki, sem eru hættulegri en mykjusnigillinn. Hafi John verið fullljósar þær hættur, sem eru samfara vinnu við snigilinn, enda hafi honum verið gerð grein fyrir þeim. Rangt sé, að stefnandi hafi verið látinn vinna eftirlits- og tilsagnarlaust, því stefndi hafi fylgst með verkinu jafnframt mjöltunum og haft góða aðstöðu til þess að líta til með stefnanda út um fjósgluggann. Hafi stefnandi auðveldlega getað kallað til stefnda ef eitthvað fór úrskeiðis. Sennilegast sé, að stefnandi hafi af einhverjum óskýrðum orsökum farið að kíkja inn um opið á haughúsinu, sem snigillinn gekk niður um. Hafi hann þá fest við hjöruliðinn, sem hafi verið eini hluti drifbúnaðarins, þar sem ekki hafi verið hægt að koma við hlíf. Hafi stefnandi ekki átt neitt erindi að gatinu. Því sé alls ekki við stefnda að sakast, hvernig fór, heldur verði slysið eingöngu rakið til stórkostlegs gáleysis stefnanda sjálfs eða um sé að ræða óhappatilvik.

Til vara er sýknukrafa stefnda byggð á því, að stefnandi hafi þegar fengið tjón sitt bætt. Sök, sem stefndi kunni að bera á tjóni stefnanda, sé svo lítil, að stefnandi hljóti að bera sjálfur meginhlutann af tjóni sínu. Greiðsla

Samvinnutrygginga g.t., sem hafi selt stefnda ábyrgðartryggingu og greitt stefnanda váttryggingarfjárhæðina, gkr. 3.000.000, að fullu hinn 10. janúar 1980, eigi því að nægja til að greiða bætur, sem stefndi kunni að eiga að greiða stefnanda.

Af hálfu stefnda er því haldið fram, að örorkumat, sem krafa stefnanda byggist á, sé ekki fullnægjandi, þar sem ekki sé reynt að gera grein fyrir greind stefnanda fyrir slysið. Þar sé einnig gert ráð fyrir því, að matið verði endurskoðað.

Komi til þess, að dómurinn ákveði stefnanda bætur, er því haldið fram, að í útreikningi þeim sem krafa stefnanda er byggð á sé reiknað með lægri vaxtafæti en viðurkennt hafi verið af dómstólum. Í því tilviki verði einnig að miða við útreikning, sem gerður hafi verið í janúar 1980, þegar unnt hafi verið að gera tjónið upp.

Af hálfu stefnda er miskabótakröfu stefnanda mótmælt sem allt of hárrí.

#### *Álit dómsins.*

Aðiljar málsins hafa komið fyrir dóminn og gefið skýrslur. Þá hefur vitnið Sveinn Ísleifsson varðstjóri einnig komið fyrir dóminn. Ekki gat stefnandinn John borið um atvik að slysinu.

Það er fram komið, að er Pétur Guðmundsson kom fóstursyni sínum til sumarstarfa á Guðnastöðum, hafi verið gert ráð fyrir því, að hann yrði m.a. látinn aka dráttarvél, eftir að honum hefði verið kennd meðferð hennar og hann rækilega áminntur um hættur við notkun slíkra véla. Er ekki annað fram komið en þessa hafi verið gætt, áður en John var falið að aka dráttarvél á bænum, og hafi hann sinnt því starfi svo og öðrum störfum, sem honum var falið að vinna, af samviskusemi. Skiptir ekki máli varðandi efni það, sem hér er til úrlausnar, þótt komið hafi fyrir, að Ragnar bóndi hafi talið sig hafa þurft að áminna John um að aka ekki of hratt á dráttarvélinni.

Samkvæmt því, sem komið er fram í málinu, var umrætt verk, sem John vann við, er slysið varð, fólgði í því að gangsetja kyrrstæða dráttarvél, sem knúði mykjusnigilinn, er dældi mykjunni úr haughúsinu í mykjudreifarann, gangsetja dráttarvélinu, sem dró mykjudreifarann, og færa hann til þannig, að hann hlæðist jafnt. Er dreifarinn var orðinn fullur, átti John að aka annarri dráttarvél með mykjudreifarann aftan í og dreifa hlassinu á túnið. Kveðst Ragnar hafa verið búinn að sýna John hvernig hann átti að vinna verkið, og verið með honum fyrst í stað. Hafi John unnið við þetta daginn áður og verið búinn að fara rúmlega 10 ferðir. Hafi hann unnið við að fylla dreifarann í fyrsta skipti um morguninn, sem slysið varð.

Dráttarvélin, sem knúði mykjudreifarann, mun hafa staðið svo til alveg upp við fjósið. Frá aflúrtaki hennar lá drifskaftr að vinkildrifi (girkassa)

utan á mykjusniglinum. Var plasthlíf utan um drifskaftrið, en það hefur ekki náð að hylja að fullu ásinn, sem gekk út úr vinkildrifinu við mykjusnigilinn, svo sem fram kemur í skýrslu Sveins Ísleifssonar. Að sögn Ragnars bónda var smábíl þarna óvarið.

Ragnar bóndi var við mjaltir í fjósinu, en kveðst hafa litið út um gluggann til Johns öðru hverju. Haughúsið hafi verið farið að tæmast og hafi verið farið að koma skrykkjótt upp úr því með sniglinum. Ekki hafi þó þurft að færa snigilinn til, því mykjan hafi verið þunn og runnið að sniglinum. Ragnar kveðst nú hafa heyrt á hljóðinu frá sniglinum, að hann hætti að dæla, en svo hafi hann farið að dæla á ný. Hann hafi þá litið út um gluggann á fjósinu og séð, að farið var að renna út úr mykjudreifaranum. Hann hafi þá farið út í skyndi og hafi John þá legið undir drifskaftrinu og hafi höfuð hans verið fast við skaftrið alveg við hjöruliðinn við vinkildrifið. Hafi allur fatnaður á ofanverðum líkamanum flest upp, þannig að John hafi verið nakinn að ofan. Hafi fötin verið vafin um höfuðið og drifskaftrið. hann hafi reynt að losa John og hafi hann þurft að skera hann frá drifskaftrinu. Hann hafi svo látið kalla til sjúkrabifreið og lögreglu. Hann hafi beitt blástursaðferð við John og eftir stutta stund hafi farið að koma hreyfing í hann og hann farið að anda, en hann hafi verið meðvitundarlaus.

Samkvæmt því, sem hér hefur verið rakið, þykir mega leggja til grundvallar, að slysið hafi orðið með þeim hætti, að John hafi ætlað að kíkja inn um opið á haughúsinu til þess að athuga, hve mikið væri eftir. Hafi hann þá teygt sig yfir drifskaftrið frá dráttarvélinni, þar sem það var tengt við ásinn í vinkildrifinu á mykjusniglinum. Hafi þá einhver hluti af fatnaði hans lent í bili því, sem var óvarið, og ásinn náð að grípa í hann, undið upp á hann og kastað John til. Hafi hann þá ekki haft nein tók á að stöðva vélina eða losa sig.

Kaupfélag Rangæinga smíðar mykjusnigla, og er aflúrtak þeirra yfirleitt á endanum. Kveður Ragnar fyrirtækið hafa smíðað umræddan mykjusnigil fyrir sig sérstaklega þannig, að aflúrtakið væri á hlið snigilsins. Hafi hann sjálfur lagt til vinkildrif til þeirra nota. Er snigillinn sjálfur í lokuðu röri. Munu síðar hafa verið framleiddir fleiri mykjusniglar með sams konar vinkildrifi.

Lög nr. 23/1952 um öryggisráðstafanir á vinnustöðum, sem í gildi voru á þessum tíma, tóku ekki til almenns búrekrar eins og hér var um að ræða.

Störf þau, sem stefnandinn John átti að vinna á bænum, fólust m.a. í því að gangsetja dráttarvélar og aka þeim, ýmist lausum eða með tengibúnaði eins og í þessu tilviki. Er ekki ástæða til að leggja annað til grundvallar en að John hafi fengið fullnægjandi tilsögn um þetta og ábendingu

og viðvörðun um hættur, sem slíku starfi voru samfara. Hefur John skýrt frá því, að hann hafi fyrr um sumarið unnið með heyvinnutæki og tengt og aftengt þau dráttarvél.

Það var ekki nauðsynlegt við starf það, sem John átti að inna af hendi, er slys þetta varð, að hann kikti inn um opið á haughúsinu, svo sem ætla verður, að hann hafi gert. Það var heldur ekki þörf á því, að hann kæmi af öðrum ástæðum svo nærri girkassanum, að hætta væri á, að fatnaður hans kæmist í snertingu við þann hluta ássins, sem var óvarinn. Er einnig á það að líta, að greiðfær leið var til að líta inn um opið á haughúsinu hinum megin við mykjusnigilinn, þar sem ekkert tæki var tengt við hann. Þykir starf þetta ekki falla undir ákvæði næstsíðustu málsgreinar 40. gr. reglugerðar nr. 105/1970 um vernd barna og ungmenna.

Drifskafthið frá dráttarvélinni, sem knúði mykjusnigilinn, hefur verið um 150—170 cm langt. Bilið, sem var óvarið, hefur verið yfir hluta ássins úr girkassanum við snigilinn og hefur vart getað verið meira en 5—7 cm. Hætta, sem þessu var samfara miðað við venjuleg vinnubrögð, var því hverfandi lítil. Miðað við önnur störf, sem John innti af hendi við stjórn dráttarvéla, er vart séð, að hætta við þetta verk hafi verið meiri.

Er ljóst, að stefndi Ragnar hefur reynt að búa tæki sín öryggisbúnaði, og notaði hann öryggishlífur utan um drifsköftin frá dráttarvélunum.

Þykir slysið ekki verða rakið til vanbúnaðar tækja þeirra, sem stefnand-anum John var ætlað að vinna með, heldur til óhappatilviks eða gáleysis hans sjálfs.

Samkvæmt þessu verður stefndi Ragnar sýknaður af kröfum stefnanda. Málskostnaður fellur niður.

Eirik Eylands deildarstjóri og Ögmundur Einarsson forstöðumaður kváðu upp dóm þennan.

#### D ó m s o r ð:

Stefndi, Ragnar Guðlaugsson, skal vera sýkn af kröfum stefnanda, Pétur Guðmundsson f.h. John Doak, í máli þessu.

Málskostnaður fellur niður.

#### S é r a t k v æ ð i Guðmundar Jónssonar.

Sökum þekkingarskorts, reynsluleysis og edlislægrar forvitni eru athafnir barna og unglinga við störf oft aðrar en vænta má af eldra og reyndara starfsfólki. Því þarf meiri leiðbeiningar og ríkari verkstjórn gagnvart ung-

mennum við störf en gagnvart fullorðnum. Má ætla, að hætta sú, sem lýst hefur verið, hafi dulist lítt reyndum unglíngi eins og John var.

Ég tel, að slysið verði að verulegu leyti rakið til þess óhappatilviks, að stefnandinn John hafi ætlað að kíkja inn um opið á haughúsinu, og hafi þá fatnaður hans komist í snertingu við þann hluta ássins frá girnkassanum, sem var óvarinn. Ég tel, að stefndi Ragnar eigi að bera nokkra fébóta-ábyrgð gagnvart stefnandanum John vegna þess hættueiginleika mykju-snigilsins, sem áður er lýst, þótt hann hafi verið lítill og hafi ekki verið í beinum tengslum við verk það, sem John átti að inna af hendi.

Tel ég að stefndi Ragnar eigi að bæta helming af tjóni stefnanda.

Þegar gögn málsins eru virt, tel ég bætur, sem stefnda Ragnari beri að greiða stefnandanum John fyrir örorkutjón og miska, séu hæfilega ákveðnar kr. 100.000,00, er tekið hefur verið tillit til verðmætis greiðslna frá Tryggingastofnun ríkisins og frá Samvinnutryggingum g.t. svo og er tekið hefur verið tillit til hagræðis af eingreiðslu og þess, að bætur sem þessar eru undanþegnar tekjuskatti og tekjuútsvari.

Ég tel einnig, að greiða beri vexti af fjárhæðinni, eins og krafist er í stefnu, svo og málskostnað, sem ég tel hæfilegan kr. 20.000,00.

Dómsorð mitt verður því svohljóðandi:

Stefndi, Ragnar Guðlaugsson, greiði stefnanda, Péttri Guðmundssyni f.h. John Doak, kr. 100.000,00 með 19% ársvöxtum frá 9. ágúst 1978 til 1. júní 1979, með 22% ársvöxtum frá þeim degi til 1. september s.á., með 27% ársvöxtum frá þeim degi til 1. desember s.á., með 31% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní 1980 og með 35% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags og kr. 20.000,00 í málskostnað.

---